


Nettengd Biblía fyrir börn kynnir



Kraftaverk
Elísa



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Lazarus

Aðlagað af: Ruth Klassen

Þýðandi: Þráinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2010 Bible for Children, Inc.
Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta
þessa sögu, en ekki selja.



Hann var að plægja
með 12 sameykjum
og vantaði einn uxann,
en Elísa lét það
ekki aftra
sér, ...



... heldur lét hann sig hafa það og
tók sjálfur stað uxans
sem vantaði. Hann
hlýtur að hafa verið
hraustur, ...



hugvitssamur og
harðduglegur
maður.




Á meðan Elísa var að plægja, kom Elía spámaður og kallaði á hann. Elísa yfirgaf þá bú sitt til þess að þjóna Guði.





Dag nokkurn tók
Guð Elía upp til
himna í stormviðri.
Þá var Elísa orðinn
spámaður Guðs
til Ísraels.




A colorful illustration of a landscape. On the left, a brown tree with green foliage stands on a green hill. A yellow cloth is draped over a brown rock formation. A red cloth is draped over a lower rock formation. A white bird with blue wings is perched on a green bush in the foreground. The background is a bright blue sky. The text is overlaid on the right side of the image.

Sorgmæddur yfir
brottför Elía,
Elísa bað Guð
að gefa sér

kraft eins og
hann hafði
gefið Elía.






Síðan tók hann upp
skikkju Elía, og sló á
rennandi vatnið

eins og Elía
hafði gert.



A colorful illustration of a landscape. On the left, there is a tree with green foliage and a brown trunk. In the foreground, there is a yellow cloth draped over a brown rock or mound, and a red cloth draped over another brown rock or mound. A white bird with a long neck and a blue beak is standing on the grass in the foreground. The background is a bright blue sky. The text is written in a simple, black, sans-serif font.

Vatnið klofnaði og
skipti sér til beggja
hliða. Þá vissi Elísa

að Guð var
með honum.

A small red heart icon located in the bottom right corner of the page.



Á leið sinni til
Betel mætti
Elísa hópi
unglinga sem
hæddu hann
og kölluðu til
hans, "Farðu
upp skallahaus".







Elísa snéri
sér við, leit
til þeirra, og
formælti þeim
í nafni Drottins.
Þá komu tvær
birnur út úr
skóginum og
rifu í sundur
42 þeirra.




Dag nokkurn hitti Elísa ekkju
eina er átti í
erfiðleikum
með að
borga
skuldir
látins
eiginmanns
síns.




Lánardrottinnar
hennar ætluðu
að koma og
taka syni
hennar sem
þræla uppí
skuldina.




“Farðu og fáðu lánuð ílát hjá öllum nágrönnum þínum ...tóm ílát,” sagði Elísa. Nú var eitthvað undursamlegt um það bil að ske hjá konunni.



Ekkjan átti aðeins eina
littla krús af olíu heima
hjá sér. En olían
úr littlu krúsinni
hélt áfram að
renna og fyllti
öll ílátin sem
fengin voru
að láni.




Ef ekkjan hefði haft
baðker í húsinu, mundi
Guð hafa fyllt það líka?
Ekkjan seldi síðan
megnið af olíunni,
og bjargaði þannig
sonum sínum.




Kona nokkur og maður hennar, útbjuggu lítið herbergi á heimili sínu fyrir Elísa er hann átti leið um.


Þau settu rúm, borð, stól og lampa í herbergið, sem þau tileinkuðu Elísa er hann kom í heimsókn.




Elísa velti fyrir sér hvernig hann
gæti endurborgað góðsemi hjónanna.
Þegar honum lærðist að þau væru
barnlaus, sagði
hann við
konuna,
eitthvað
sem hún átti
erfitt með að trúa.




“Um þetta leyti næsta árs, munt þú
faðma að þér son þinn.” Ári síðar, ól
konan son.



Nokkrum árum síðar er drengurinn var úti á akri með föður sínum. "Æ, höfuðið á mér, höfuðið á mér" sagði hann.



Drengurinn var borinn til móður
sinnar og dó í kjöltu hennar um
hádegisbilið.



Móðirin tók skjóta ákvörðun. Hún lét þjón sinn söðla asnann í snatri, og hvatti hann til að fara fljótt yfir til að finna Elísa.



Elísa kom, fór uppá loft, og bað til Guðs. Guð vakti drenginn aftur til lífs. Elísa

kallaði þá á móðurina til að hlúa að syni sínum.



Þvílíkt kraftaverk!





Sýrlenski
hershöfðinginn
Naaman var bæði
hugaður og sterkur
og í hávegum
hafður hjá
konungi, en
þjáðist af
líkþrá.




Kona Naamans hafði
unga stúlku sem
þræl er hafði
verið tekin til
fanga í Ísrael.



Hún sagði við
húsmóður sína, "Ég
vildi að Naaman
mundi fara til
spámannsins í
Samaríu, þá
mundi hann
læknast af
líkþránni."



Naaman lagði af stað án tafar til að hitta spámanninn. Hann tók með sér falleg klæði, silfur og gull, til gjafa.





Þá sendi Elísa fylgdarmann sinn til að segja honum, "Farðu og baðaðu þig 7 sinnum í Jórdan og þú munt heill verða." Naaman reiddist við.






Því gæti hann ekki
alveg eins baðað
sig úr hinum
hreinu, fersku
ám Sýrlands?
Í reiðinni snéri
hann við og
hélt heim
á leið.





Sem betur fór,
fyrir Naaman,
tókst þjónum
hans að
sannfæra
hann um að
hlýða orðum
Elísa.





Naaman fór nú
og baðaði sig 7
sinnum í ánni
og læknaðist
hann eins og
Elísa hafði
sagt.





Þá trúði Naaman
á hinn eina
sanna Guð,
Guð Elísa,
sem hafði
læknað hann
af líkþránni.





Guð hélt áfram
að nota Elísa
eftir dauða hans.
Dag einn var
maður grafinn í
hellinum sem
Elísa hafði
verið grafinn
löngu áður.





Er líkami dauða
mannsins snart
bein spámannsins,
lifnaði maðurinn við
og reis upp. Guð,
svo sannarlega,
sýndi sinn mikla
kraft í gegnum
þennan trúfasta
og dygga
þjón sinn.



Kraftaverk Elísa


Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,
er að finna í

Fyrri Konungabók 19,
og Síðari Konungabók 2-13

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,
sem skapaði okkur, og sem vill að þú
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og
komið svo til að vera með þér í himnaríki.
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á
hverjum degi!

